

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1240/2015 um framkvæmd  
áreiðanleikakannana vegna upplýsingaöflunar á sviði skattamála.

## 1. gr.

Við tölustaf 34, staflíð g í skilgreiningum 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

i. Undanþegnir reikningar samkvæmt g-lið teljast m.a. innlánsreikningar og váttryggingarsamningar að tilteknu peningavirði sem bera með sér litla hættu og samanlögð staða eða verðmæti viðskiptasambandsins er lægra en 1.000 bandaríkjadalir og:

a. Engar færslur hafa verið framkvæmdar af hálfu eða fyrir tilstuðlan viðskiptamannsins hjá fjármálastofnuninni á undanförunum þremur árum.

b. Reikningshafi hefur ekki verið í samskiptum við fjármálastofnunina á síðastliðnum sex árum.

c. Váttryggingarhafi hefur ekki verið í samskiptum við váttryggingafélag sem viðheldur váttryggingarsamningi að tilteknu peningavirði á síðastliðnum 6 árum.

Fjármálastofnun skal viðhafa reglubundið eftirlit með undanþegnum innlánsreikningnum og váttryggingarsamningum að tilteknu peningavirði.

## 2. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, 13. gr., svohljóðandi:

Þeim fjármálastofnunum sem tilkynningarskyldar eru samkvæmt reglugerð þessari er skylt að framkvæma áreiðanleikakannanir á viðskiptamönnum samkvæmt III. kafla og afhenda ríkisskattstjóra tilskildar skýrslur í samræmi við 12. gr.

Um eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar og málsmeðferð fer eftir því sem við á samkvæmt IX.-XI. kafla og um viðurlög samkvæmt XII. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 9. mgr. 92. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 4. mars 2024.*

F. h. r.

**Helga Jónsdóttir.**

*Guðmundur Skúli Hartvigsson.*

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.